

Ilievska gegn Makedóníu

Dómur frá 7. maí 2015

Mál nr. 20136/11

3. gr. Bann við pyndingum

Valdbeiting lögreglu. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærandi gekkst undir lyfjameðferð vegna krabbameins í apríl 2009. Í október 2009 bað eiginmaður hennar um aðstoð lækni vegna þess að kærandi væri illa haldin af kvíða og öðrum andlegum kvillum. Samkvæmt læknisráði var kærandi flutt nauðug á geðsjúkrahús í Skopje og sá lögregla um flutninginn. Kærandi hélt því fram að hún hefði verið handjárnuð með hendur fyrir aftan bak á leiðinni á geðsjúkrahúsið og að lögreglumaður hefði setið á fótum hennar alla leiðina. Þá hefði hún einnig sætt hótunum frá lögreglumönnum og verið beitt líkamlegu ofbeldi. Hún lagði fram kærú á hendur lögreglumönnum en þeir voru sýknaði fyrir dómi vegna skorts á sönnunum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að meðferð lögreglunnar hefði falið í sér ómannlega og vanvirðandi meðferð í skilningi 3. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að eins og hér var ástatt hefði ekki verið hægt að sýna fram á það með óbyggjandi hætti að áverkar kæranda hefðu komið til vegna meðferðar lögreglunnar. Hins vegar bentu læknisfræðileg gögn eindregið til þess að kærandi hefði verið handjárnúð á leiðinni á geðsjúkrahúsið. Við mat á því hvort notkun handjárnna hefði verið réttlætunleg í þessu tilviki taldi dómstóllinn ljóst að kærandi hefði verið illa haldin af andlegum kvillum og að lögreglumennirnir hefðu vitað af ástandi hennar. Lögreglan hefði borið ábyrgð á kæranda á meðan á flutningnum stóð og var bent á að ástand hennar hefði verið sérstaklega viðkvæmt vegna andlegra og líkamlegra veikinda tengdum krabbameinsmeðferð hennar. Í ljósi fyrirbyggjandi gagna taldi dómstóllinn líkur á því að lögreglan hefði notað handjárn í þessu tilviki til að koma í veg fyrir að kærandi skaðaði sjálfa sig. Hins vegar hefðu dómstólar í heimalandi kæranda ekki tekið til sérstakrar skoðunar hvort gætt hafi verið meðalhófs við aðgerðir lögreglunnar. Þá hefðu yfirvöld ekki sýnt fram á að ómögulegt hefði verið að grípa til annarra vægari úrræða til að tryggja öryggi kæranda á meðan á flutningum stóð. Því taldi dómstóllinn að um brot gegn 3. gr. sáttmálans væri að ræða.

Dómstóllinn dæmdi makedónska ríkið til greiðslu miskabóta að fjárhæð 5.000 evrum.